

Miðvikudaginn 6. nóvember 1996.

Nr. 399/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Jóhannesi Guðmundssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. nóvember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 25. september 1996 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi til 1. nóvember sama ár á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Sá úrskurður var staðfestur með dómi Hæstaréttar 27. september sl. Hinn 18. október 1996 var ákæra gefin út á hendur varnaraðila, þar sem honum er gefið að sök að hafa í tvö skipti í september sama ár brotist inn í hús og stolið þaðan nánar tilgreindum munum. Brot þessi eru talin varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Gæsluvarðhald yfir varnaraðila var síðan framlengt til 22. nóvember nk. með hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991 fól ríkissaksóknari sóknaraðila að flytja fyrrgreint refsímál á hendur ákærða fyrir héraðsdómi. Verður því fallist á, að sóknaraðili sé bær til að hafa uppi kröfu um gæsluvarðhald yfir varnaraðila.

Varnaraðili hefur á árunum 1977 til 1996 hlotið 28 refsidóma og gengist undir fjölmargar dómsáttir vegna brota á almennum hegningarlögum, umferðarlögum, áfengislögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Með hliðsjón af því er fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, til að varnaraðila verði gert að sæta fram-

haldi gæsluvarðhalds. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur, enda hefur ekki orðið sá dráttur á saksókn á hendur varnaraðila, að það fái haggð þessari niðurstöðu.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði tekur héraðsdómari upp nánast allan fyrri úrskurð héraðsdóms um gæsluvarðhald yfir varnaraðila. Er það óþarft og aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 1. nóvember 1996.

I.

Ár 1996, föstudaginn 1. nóvember, er á dómþingi í Héraðsdómi Reykjaness, sem háð er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. R-29/1996: Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að Jóhannes Guðmundsson, kt. 260761-5529, sæti framhaldandi gæsluvarðhaldi. Krafan kom fram í dag og var tekin fyrir þegar í stað og tekin til úrskurðar á sama dómþingi að lokinni lög-mæltri meðferð.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með beiðni, fram kominni í dag, að Jóhannesi Guðmundssyni, kt. 260761-5529, Köldukinn 25, Hafnarfirði, sem nú sætir gæsluvarðhaldsvist, verði með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 22. nóvember 1996 kl. 16.00.

Verjandi krefst þess, að hrundið verði kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds og að kærða verði tafarlaust veitt frelsi.

-- --

III.

Samkvæmt gögnum málsins hefur aðeins verið tekin ein lögregluskýrsla af kærða, frá því að gæsluvarðhaldsúrskurður var upp kveðinn. Fór skýrslutakan fram 3. október sl. Sama dag var bótakrafa borin undir ákærða og um það bókuð önnur lögregluskýrsla. Þar við sat, uns RLR sendi ríkissaksóknara rannsóknargögn 9. s. m. Ákæra var gefin út af ríkissaksóknara 18. s. m., en Héraðsdómi Reykjaness barst eigi ákæran fyrr en 30. s. m. Dómara þeim, er nú fer með málið, Guðmundi L. Jóhannessyni, var úthlutað því af dómstjóra daginn eftir, í gær, 31. s. m., og gaf hann þegar í stað út fyrir-kall til dómþings þess, er háð var í dag.

Niðurstaða.

Ríkissaksóknari hefur falið rannsóknarlögreglustjóra ríkisins sókn dómsmáls vegna brota þeirra, er beiðni sú, sem hér er um fjallað, er risin af, um framlengingu gæsluvarðhalds. Beiðni um framlengingu gæsluvarðhaldsvistar, meðan mál er til meðferðar, studd c-lið 103. gr. oml., hlýtur að teljast eðlilegur og eftir atvikum nauðsynlegur þáttur í meðferð þess.

Sú niðurstaða, að stöðva mætti framgang kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds með því að krefjast þess, að dómari í aðalmálinu víki sæti, væri fráleitt.

Svo sem fram kemur í forsendum úrskurðar þess, sem að framan er rakin, inn og staðfestur var með vísan til forsendna í Hæstarétti 27. s. m., telst kærði vera síbrotamaður. Hann hefur nú játað brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, og rökstuddur grunur leikur á, að hann hafi framið annað þjófnaðarbrot, en hann er nú ákærður bæði fyrir hið játaða og hið ætlaða brot.

Mál á hendur ákærða fyrir framangreind brot var þingfest í dag, og má ætla, að meðferð þess taki skamman tíma.

Fallast má á það með kærða, að óeðlilegur hafi verið sá dráttur, sem varð á því, að ríkissaksóknari sendi dóminum ákæru og sakargögn, en ákæra, út gefin 18. október, barst dóminum eigi fyrr en 30. sama mánaðar, en málið sýnist að öðru leyti ekki hafa dregist úr hömlu.

Með tilliti til lengdar þess fangelsisdóms, er ætla má, að ákærði muni nú hljóta, sbr. refsiramma 244. gr. almennra hegningarlaga, ítrekunarákvæði VIII. kafla sömu laga og sérstaklega ítrekunarákvæði 255. gr. sömu laga svo og þess, að Hæstiréttur hefur staðfest, að ætla megir, „að hann muni, ef hann er frjáls ferða sinna, halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið“, verður krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu gæsluvarðhalds tekin til greina með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og ákveðst, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til föstudagsins 22. nóvember 1996 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jóhannes Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 22. nóvember 1996 kl. 16.00.